

616. fundur haldinn föstudaginn 15. október 1999 kl. 9:00
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Haukur Birgisson, markaðsstjóri

1. Fundargerð 615. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Umræður vegna fjárhagsáætlunar Ferðamálaráðs fyrir árið 2000.

Farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunar og ýmis gögn vegna verkefna Ferðamálaráðs árið 2000 með vísan til tillagna í fjárlagafrumvarpi.

Afgreiðsla: Samþykkt að formaður og ferðamálastjóri gerðu samgönguráðherra grein fyrir niðurstöðu umræðunnar sérstaklega með vísan til umræðunnar um nauðsyn á auknu fjármagni til að sinna megi frekar ákveðnum verkefnum á árinu. eins og rannsóknunmvörubróun og upplýsingamiðlun.

3. Önnur mál.

A. Fyrir fundinum lá tillaga að framkvæmd og fjármögnun að innlendri kynningu árið 2000 sbr. afgreiðslu á síðasta fundi.

Afgreiðsla: Samþykkt að vinna að framkvæmd málsins í samræmi við umrædda tillögu.

B. Formaður ræddi um nauðsyn þess að fram færi umræða innan greinarinnar um öryggismál og ábyrgð ferðamannanna sjálfra á ferð um landið.

C. Ferðamálastjóri lagði fram tillögu um að Ferðamálaráð stæði fyrir þemadögum á næsta ári, þar sem tiltekin málefni væru rædd og yrðu dgarnir opnir öllum. Fyrstu þemadagarnir yrðu í janúar og apríl og yrði þar rætt annars vegar: Að nýta sér niðurstöður kannanna og hins vegar : Gæða-og öryggismál.

Afgreiðsla: Samþykkt

D. Fulltrúi SAF spurðist fyrir um ritun sögu ferðapjónustunnar. Ferðamálastjóri svaraði að ekki hefði verið veitt fjármunum til áframhaldandi vinnu, en í skoðun væri hvort hægt væri að koma á samstarfi við útgáfufyrirtæki með vísan til þess grunns sem fyrir liggur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:00